

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013



Reykjavík, 13. mars 2020

Umsögn LÍS um drög að tillögu til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030

Framsýni, stöðugleiki og gagnsæi í menntakerfinu eru lykilforsendur þess að menntastofnanir landsins geti sinnt hlutverki sínu. Raunhæf og metnaðarfull menntastefna skiptir höfuðmáli í þeirri framþróun. Menntastefna þarf að vera nothæft tól fyrir stefnumótandi aðila í samfélaginu hvort sem það eru stjórnvöld, stofnanir eða fyrirtæki til þess að byggja sína stefnumótun og ákvarðanatöku á. Ásamt því er afar mikilvægt að stefnan geti fengið hljómgrunn meðal almennings og því er mikilvægt að hún sé auðlesanleg og vel uppsett. Þess vegna tekur umsögn þessi tillit til uppbyggingar sem og innihalds. Varðandi innihald, rökstuðning og undirbúning draganna gagnrýna LÍS skort á samráði við hagaðila á háskólastigi. Endurspeglast það í forgangsroðun markmiða stefnunnar, sem taka lítið tillit til háskólastigsins. Meiri áherslu mætti leggja á umbætur í háskólakerfinu en gert er í tillögunni. Í mörgum köflum vantar að tilgreina háskólastigið og þegar það er nefnt er það oft í því skyni að lýsa hlutverki þess til stuðnings annarra skólastiga. Lítið er um markmið til umbóta í háskólakerfinu, heldur helst vísað til kennara- og símenntunar. Þykir okkur því misvísandi að kalla stefnuna heildstæða, þar sem í raun einblínir hún á öll stig fyrir og eftir háskóla, þ.e. leik-, grunn-, framhalds-, tómstundaskóla og símenntunar. Ólíkar áskoranir eru innan hvers skólastigs fyrir sig og virðast þau atriði sem snerta háskólastigið markmiðalaus sem endurspeglar mögulega skort á samráði við hagaðila háskólakerfisins.

Það er von LÍS að þessi umsögn muni koma að gagni við frekari úrvinnslu draganna og að sett verði skýrari stefna um háskólakerfið með meginmarkmiðum draganna að leiðarljósi, það er að allir hafi jöfn tækifæri til menntunar. Jöfn tækifæri til náms, jafnt innanlands sem erlendis, eru ein af undirstöðum farsæls samfélags.

Jöfn tækifæri til náms

Ánægjulegt er að sjá þá áherslu sem lögð er á aðgengi að menntun við hæfi óháð kyni, aldri og búsetu í drögunum. Aðgengi að námi á háskólastigi tengist enn fleiri þáttum, þá sérstaklega hvað varðar fjárhag þeirra sem stunda háskólanám. Stúdentar þurfa að hafa aðgang að viðunandi húsnæði á viðráðanlegu verði, eiga fyrir nauðsynjavörum, búa við góða geðheilsu og heilsu almennt. Því er nauðsyn að stúdentar, eins fjölbreyttur hópur og þau eru, fái viðeigandi stuðning til náms óháð efnahagi, bakgrunni, félagslegum aðstæðum eða stöðu að öðru leyti.

Í 6. kafla greinargerðar með tillögunni um jöfn tækifæri til náms er fjallað um aðgerðir á háskólastigi um stuðningskerfi námsmanna. Hér ítrekar LÍS umsögn sína um nauðsynlegar úrbætur á frumvarpi um slíkt stuðningskerfi, Menntasjóð námsmanna, en mikilvægt er að sátt skapist um að nýtt kerfi sé betra fyrir stúdenta en það kerfi sem nú er við lýði¹.

Í drögum að þingsályktunartillögu er sífellt lögð áhersla á að nemendur ljúki námi á tilsettum tíma. Í tillögunni er samt sem áður rætt um raunhæfar væntingar, jafnrétti til náms, að nám eigi að henta ólíkum einstaklingum með ólíkar þarfir o.þ.h. Þetta tvennt helst því ekki alveg í hendur. Sumir vilja taka nám á skemmri tíma og aðrir vilja eða þurfa jafnvel að taka það á lengri tíma og er fráhrindandi að krafa sé gerð um að öll klári á sama tíma. Mikilvægt er að háskólakerfið bjóði upp á sveigjanleika fyrir þá sem þurfa og leggja ætti áherslu á að veita stúdentum viðeigandi stuðning á meðan námi stendur.

Líðan og námsumhverfi

Á blaðsíðu 6 undir hlutanum „Líðan og námsumhverfi“ kemur fram að huga þurfi að geðrækt og forvörnum meðal fullorðinna. [Ein af áherslum stúdenta í alþingiskosningum 2017](#) var sú að sálfræðingar eigi að vera í öllum háskólum landsins². Aðildarfélag innan LÍS hafa þrýst á fjölgun sálfræðinga í bæði Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands með góðum árangri. Þó má gera mun betur í þeim efnun. Ánægjulegt er að sjá að í drögunum er tekið fram að nám og námsumhverfi þurfi að stuðla að vellíðan, góðri geðheilsu og félagsfærni nemenda. Þrátt fyrir það þyrfti að setja meira þúður í umfjöllun geðheilbrigðisþjónustu en LÍS telja að allir stúdentar eigi að hafa greiðan aðgang að slíkri þjónustu endurgjaldslaust, hvort sem þeir eru búsettir á

¹ Sjá umsögn LÍS um frumvarp um Menntasjóð námsmanna, 329. mál.
<https://www.althingi.is/alttext/erindi/150/150-683.pdf>

² Sjá opið bréf til stjórnmalaflokka í ríkisstjórnarviðræðum 2017 undir útgefið efni á heimasíðu LÍS.
<https://studentar.is/utgefid-efni>

höfuðborgarsvæðinu eða utan þess. Fjárhagsleg byrði sálfræðiþjónustu er óásættanlegt álag á þá stúdentana sem þarfnast þeirrar þjónustu. Því þarf að gæta að því að fjárhagur og/eða búseta standi aldrei þar í vegi. Undir kaflanum um samhæfingu þjónustuaðila á blaðsíðu 8 er einnig lögð áhersla á samábyrgð og samvinnu mennta-, heilbrigðis- og félagsþjónustukerfis á öllum skólastigum og myndu LÍS hafa mikla ánægju af því að koma að frekari útfærslu þess innan háskólakerfisins.

Umhverfismál

LÍS fagna áherslu á menntun til sjálfbærni í drögunum, en flétta þarf umhverfismál og sjálfbæra þróun inn í háskólanám í auknum mæli, eins og er að einhverju leyti gert á öðrum skólastigum. Ein helsta krafa ungs fólks sem mæta á Loftslagsverkföllin hvern föstudag hefur verið aukin fræðsla og kennsla um loftslagsmál og umhverfið í skólunum. Teljum við að í ljósi þess neyðarástands sem við stöndum nú frammi fyrir væri eðlilegast að stjórnvöld tryggi með óyggjandi hætti að fræðsla og þekking komandi kynslóðar á þessum málum verði aukin, svo sú kynslóð sé sem best til þess búin að takast á við loftslagsvána sem hún erfir af eldri kynslóðum.

Alþjóðastarf

Við gerð tillögunnar bentu LÍS á að í hana vantaði algjörlega stefnu um alþjóðavæðingu háskólakerfisins. Í greinargerð draganna, á bls. 9, kemur eftirfarandi fram: „Markviss stefna um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags er nauðsynlegt skref í átt að samkeppnishæfara menntakerfi á alþjóðavísu, víðsýnna samfélagi, fjölbreyttara vinnuafla og öflugra fræðastarfi.” Málgrein þessi kemur úr inngangi stefnu LÍS um alþjóðavæðingu í íslensku háskólasamfélagi. Ánægjulegt er að sjá að stuðst er við stefnur samtakanna við myndun draganna en telja samtökin rétt að áréttu mikilvægi þess að vísa í heimildir.

Alþjóðavæðing eykur tengsl milli einstaklinga, samtaka og stofnana í ólíkum heimshornum og stuðlar hún þannig að auknum skilningi og tilfærslu þekkingar milli landa og menningarheima. Slíkur skilningur er sérlega mikilvægur í nútímanum þar sem fólksflutningar á milli landa eru daglegt brauð og menningarheimar skarast í auknum mæli. Því er nauðsynlegt að sem flestir íslenskir stúdentar muni eiga þess kost að sækja háskólanám erlendis, erlendir stúdentar sjái tækifæri í því að mennta sig hérlendis og tengsl á milli íslenskra og erlendra háskóla séu eflað og þróuð enn frekar. Líta ætti til þeirra breytinga sem eiga sér stað í Evrópu í tengslum við

„European University Networks” og fjalla um hreyfanleika með skýrari hætti heldur en gert er í kaflanum um samkeppnishæft menntakerfi á blaðsíðu 5. Fjalla mætti sérstaklega um alþjóðavæðingu undir öðru yfirheiti en í fyrrnefndum kafla fær alþjóðavæðing skólakerfisins ekki að njóta sín.

Ævinám og markviss uppbygging hæfni

Í síbreytilegu samfélagi er mikilvægt að æðri menntastofnanir geti brugðist hratt og örugglega við breyttri samsetningu þjóðarinnar. Ánægjulegt er að drögin taka vel á fjórðu iðnbyltingunni og mikilvægi þess að ganga til samhæfðra aðgerða til að bregðast við breyttu samfélagi. Einnig er til fyrirmyndar að nefna sérstaklega aðgengi innflytjenda og flóttafólks að námi en margt mætti bæta við þann þátt draganna. Hópur innflytjenda og flóttafólks fer sífellt stækkandi hérlendis og þarf háskólakerfið að vera reiðubúið til þess að taka fólki af erlendum uppruna opnum örmum svo það hafi tök á að styrkja sig og samfélagið. Því skiptir máli að fjárveitingar til háskólanna séu með því móti að þeir geti auðveldlega boðið fólki sem hefur annað móðurmál en íslensku raunverulegan möguleika á því að uppfylla aðgangskröfur. Eins og staðan er í dag er það tæpast raunin. Í þessu samhengi skiptir þrennt höfuðmáli. Í fyrsta lagi það að háskólarnir fái fjármagn til þess að bjóða upp á öfluga íslenskukennslu fyrir fólk sem er á ólíkum stigum skilnings á málinu. Þessi kennsla þarf að vera fjölbreytt og til þess gerð að fólk af erlendum uppruna hafi við lok hennar tök á því að takast á við háskólanám á íslensku. Í öðru lagi þurfa háskólarnir að hafa rými til þess að bjóða upp á fleiri námsleiðir á öðrum tungumálum en íslensku, sérstaklega hvað varðar námsleiðir í grunnnámi. Í þriðja lagi þarf að auka við þjónustu og upplýsingagjöf um inntökuferli, sérstaklega með tilliti til innflytjenda og flóttafólks.

Á blaðsíðu 5 er fjallað um mikilvægi þess að meta menntun innflytjenda og flóttafólks í ríkara mæli svo fyrri þekking nýtist sem best fyrir þá og samfélagið og að leggja eigi áherslu á raunfærnimat sem staðfestir færni einstaklings án tillits til þess hvernig eða hvar hennar hefur verið aflað. LÍS fagna þessari áherslu en svo hægt sé að meta menntun innflytjenda og flóttafólks í ríkara mæli þarf að leggja aukið fjármagn og mannauð í matsferli á umsóknum í háskóla. Eins og staðan er núna fara allar umsóknir erlendra nema í Háskóla Íslands í gegnum ENIC/NARIC, þar sem starfa aðeins tveir einstaklingar. Samhliða eflingu íslenskukennslu og auknu námsframboði þurfa háskólar að geta tekið á móti fleiri umsóknum úr öðrum skólakerfum. Til þess að standast við þessi markmið um að meta menntun innflytjenda og flóttafólks þarf mannafla og fjármagn til að sinna þeirra vinnu. Miða þarf að því að meta

menntun innflytjenda ekki einungis þannig að þau geti hafið störf en einnig átt raunhæfan möguleika á því að sækja sér frekari menntunar á Íslandi. Inntökuskilyrði háskóla eru það há og afmörkuð að umsækjendur með námsferil erlendis frá, sér í lagi flóttafólk, hafa takmarkaðan möguleika til að uppfylla þær kröfur. Þörf er á háskólabrú eða sérúrræði til þess að innflytjendur eigi tök á því að uppfylla inntökuskilyrði háskóla samhliða endurskoðun á inntökuskilyrðum í ljósi aðgengis og jafnræðis. Þar að auki er þörf á aukinni fjölmenningsfræðslu starfsfólks háskólanna til þess að taka mið af ólíkum þörfum sí fjölbreyttari hóps stúdenta.

Starfs-, iðn- og tækninám

Í drögum er fjallað um starfs-, iðn- og tækninám í sama undirkafla, en þykir LÍS það misvísandi þar sem um er að ræða mjög ólíkar námsleiðir. Skýra mætti betur hver stefnan er í þessum efnum á framhaldsskólastigi hins vegar og háskólastigi annars vegar. LÍS fagna því að skoðað verði að breyta lögum um háskóla svo iðnmenntaðir njóti sömu réttinda og þeir sem hafa lokið stúdentsprófi við inngöngu í háskóla. Í þessum undirkafla vantar þó sérstaka umfjöllun um starfsnám á háskólastigi og verknámslotur sem eru skylduáfangar í ýmsum námsleiðum háskólanna. Verknám, sérlega í námi í heilbrigðisvísindum, er krefjandi, ólaunað og veldur stúdentum talsverða streitu. Þá er starfsnám sem boðið er upp á í hinum ýmsu námsgreinum iðulega ólaunað, t.d. fyrir stúdenta í lögfræði hjá ráðuneytum ríkisins, þvert á stefnu LÍS. Samtökin telja rétt að móta heildræna stefnu um þessi efni, enda hér um að ræða stóran hluta háskólanáms fjölda stúdenta, sem fær ekkert pláss í menntastefnunni eins og hún lítur út í dag.

Fjölbreytt námsmat og kennsluaðferðir

Í drögum er ekki fjallað sérstaklega um námsmat í háskólum, en mikilvægt er að hafa í huga að aðrar áherslur eru til staðar á háskólastigi heldur en á öðrum menntastigum. Mikilvægt er að leggja áherslu á fjölbreytt námsmat með það í huga að stuðla að gagnvirkri þátttöku stúdenta, stuðla að raunhæfum verkefnum, verklegri kennslu og hóflegt vægi lokaprófa. Til þess þarf að vera svigrúm innan háskóla svo hægt sé að þróa mismunandi kennsluaðferðir og kennslumat á öllum háskólastigum. Starfsþróun og símenntun háskólakennara gegnir þar lykilhlutverki í þróun fjölbreyttari kennsluhátta og námsmats. Mikilvægt er að leggja áherslu á að samræma endurgjöf á háskólastiginu hvort sem það sé munnlega, skriflega eða með öðrum hætti, og eiga allir stúdentar rétt á slíkri endurgjöf. Þar að auki þarf að gæta þess að samræma vinnuálag á bak við hverja námseiningu innan allra háskóla.

LÍS fagna því að áhersla verði lögð á að nemendum bjóðist fjölbreytt námsgögn sem taka mið af stafrænni þróun og margbreytileika nemendahópsins. Hafa stúdentar sett þá kröfu að stafrænar kennsluáðferðir verði teknar upp í öllum háskólum til að tryggja aðgengi að námi, þá sérstaklega í ljósi þess að yfir 30% allra háskólanema eru foreldrar, og til þess að bæta gæði náms og í leiðinni auka sveigjanleika.

Fjárveitingar

Grænbók um fjárveitingar til háskólastigsins var nýlega birt í samráðsgátt stjórnvalda. Sú bók er í þroskaferli og verður að lokum hvítbók. Nauðsynlegt er að menntastefna til 2030 haldist í hendur við Grænbók um fjárveitingar og bæði fjármagn og skýr aðgerðaáætlun fylgi menntastefnunni. Háskólar þurfa að hafa tök á að bregðast við ákalli stúdenta og samfélagsins í heild sinni eftir breyttum kennsluháttum, auknum stuðningi við stúdentana og fjölbreyttri fræðslu innan háskólasamfélagsins. Háskólarnir hafa vitanlega einungis tök á því ef þeir eru vel fjármagnaðir og þurfa fjárveitingar til háskólanna að gera ráð fyrir því að þeir geti veitt stúdentum þá þjónustu sem þeir þarfnast, til að mynda geðheilbrigðisþjónustu.

Með umræðu um hækkun skrásetningargjalda við opinbera háskóla er markmiðum um jafnan aðgang að námi stefnt í hættu. Umræða um aðgangstakmarkanir í háskólanám hefur einnig borið uppi en Stúdentafélag Háskólans á Akureyri ályktaði þann 28. febrúar sl. að fjárveitingar ríkisins standi ekki undir aðsókn í Háskólann á Akureyri og bitnar það á tilvonandi stúdentum með aðgangstakmörkunum. Fjárhagslegar hindranir að háskólamenntun og aðgangstakmarkanir virðast vera viðbrögð háskólanna við undirfjármögnun háskólastigsins á Íslandi. Landsþing LÍS samþykkti þann 8. mars ályktun um stöðu fjármögnunar háskólastigsins og lýsti yfir verulegum áhyggjum af stöðunni og þessari þróun í málefnum háskólanna³.

Almennt um uppbyggingu, rökstuðning og undirbúning draganna

Uppsetning dragana er að mörgu leyti óskýr, þar sem talað er um öll skólastig í einu án kaflaskiptingar. Þannig týnist hlutverk, ábyrgð og sérstaða hvers skólastigs. Mikið er lagt upp úr samábyrgð ólíkra skólastiga, sem er jákvætt, en þörf er á því að greina nákvæmlega þátt hvers skólastigs í því samstarfi. Með betri kaflaskiptingu væri hægt að fara nánar út í frekari

³ Sjá ályktun landsþings um stöðu fjármögnunar háskólastigsins.
<https://static1.squarespace.com/static/5507f2dfe4b0c945f1a3d7eb/t/5e68e0a8d318640a8848581e/1583931561755/Sam%C3%BEykkkt.pdf>

rökstuðning, sértækar aðgerðir og umbætur á hverju skólastigi. Þar vantar mikið upp á nákvæmari markmið háskólastigsins. Fyrir utan það að markmiðasetning yrði skýrari með betri kaflaskiptingu, er skipulag dragana ábótavant. Sem dæmi mætti nefna að undir meginmarkmiði B sem fjallar um jöfn tækifæri til menntunar eru nokkrir kaflar sem ættu mögulega betur heima annars staðar. Kaflarnir sem um ræðir eru *Samkeppnishæft menntakerfi; Sköpun, gagnrýnin hugsun og hagnýting þekkingar* og *Starfræn borgaravitund og lýðræði*.

Lokaorð

LÍS fagna áherslu draganna á að afla tölfræði um nemendahópinn. Slíkar upplýsingar eru lykilatriði, en þeim þarf að safna með sérstöku tilliti til félagslegrar víddar (e. Social Dimension) en á meðan stúdentar endurspegla ekki þverskurð þjóðarinnar hefur jafnt aðgengi að menntun ekki verið fyllilega tryggt. Á ráðherrafundi í Yerevan árið 2015 skrifaði þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra undir viljayfirlýsingu um að stúdentahópurinn ætti að endurspegla samfélagið⁴. Til þess að ná þessu markmiði þarf að leggjast í aðgerðir sem brjóta niður hindranir sem standa í veg fyrir raunverulegt aðgengi allra að menntun: að auka sveigjanleika í námi, fjármagna háskólastigið nægilega til að hægt sé að afnema skráningar- og skólagjöld, tryggja að menntasjóður sinni sínu hlutverki sem jöfnunarsjóður og huga sérstaklega að þörfum innflytjenda og flóttafólks, svo fátt eitt sé nefnt.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta,

Sigrún Jónsdóttir

Sigrún Jónsdóttir, forseti LÍS

⁴ Sjá Yerevan Communiqué hér:

http://www.ehea.info/media.ehea.info/file/2015_Yerevan/70/7/YerevanCommuniquéFinal_613707.pdf